



Landhelgisgæsla Íslands
b.t. Georgs Lárussonar, forstjóra

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 27. janúar 2023
Tilv.: DMR22040103/10.90.2.3

Með vísan til fyrri samskipta vegna rekstraráætlunar Landhelgisgæslu Íslands (LHG) fyrir árið 2023, þá upplýsist að dómsmálaráðherra fór með minnisblað fyrir Ríkisstjórn Íslands þann 20. janúar sl. þar sem ítarlega var farið yfir rekstur LHG og þá stöðu sem upp væri komin.

Í minnisblaðinu var rakið hvað rekstur LHG hefur verið erfiður undanfarin ár. Vísað var til þess hvað LHG hefur ítrekað bent á að fjárheimildir stofnunarinnar dugi vart til að standa undir rekstri og fjárfestingum stofnunarinnar og hvað rekstur stofnunarinnar þolir illa óvæntar kostnaðaraukandi forsendubreytingar. Þá hefði þessari stöðu hingað til ekki verið mætt í fjármálaáætlun eða fjárlögum undanfarin ár. Að lokum var vísað til þess að eftir yfirferð ráðuneytisins og LHG á stöðu stofnunarinnar væri það sameiginleg afstaða að ef ekki væri unnt að fjármagna rekstur núverandi tækjakosts LHG, væri skynsamlegast að hætta rekstri flugvélarinnar TF-SIF frá og með 1. febrúar nk. Í kjölfarið yrði unnið með fjármálaráðuneytinu að því að tryggja söluheimild í fjáraukalögum 2023 og koma flugvélinni TF-SIF í söluferli.

Með vísan til framangreind hefur dómsmálaráðherra því ákveðið að fallast á þessa ráðstöfun og er lagt fyrir Landhelgisgæslu Íslands, að undirbúa söluferli á flugvélinni TF-SIF og grípa til þeirra ráðstafana sem þessar breytingar kalla á.

Þá upplýsist enn fremur að unnið verður að því að kanna grundvöll fyrir því að samþætta verkefni LHG og ISAVIA, þannig að keypt yrði ný flugvél, til að sinna bæði verkefnum LHG og ISAVIA.

Fyrir hönd ráðherra

Haukur Guðmundsson

Hinrika Sandra Ingimundardóttir